

hvorugt fjelagið hefur síðan gjört nokkurt tilboð um, að inna hið fyrirhugaða 48 ferðalag af hendi. 18. apríl.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 49 sveitfesti purfalings.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar herra amtmaður, dags. 7. og 9. þ. m. og þar með fylgjandi nýjar upplýsingar viðvíkjandi sveitfesti stúlkunnar Ingibjargar Sigurðardóttur á Syðstu-Grund í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að það nú er sannad, að tjeð Ingibjörg Sigurðardóttir hefur á árunum 18<sup>85/86</sup>, 18<sup>86/87</sup> og 18<sup>87/88</sup> þegið styrk úr sveitarsjóði Mosfellshrepps, verð jeg að vera yður samdóma um, að hún síðan árið 1878, er hún fluttist til Reykjavíkur, ekki hafi getað unnið sjer þar framfærzlurjett, heldur sje sveitlæg í Mosfellshreppi. 9. maí.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 50 endurgreiðslu á tolli.** — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. maí. 17. marz þ. á., viðvíkjandi beiðni verzlunarstjóra Thor Jensens í Borgarnesi, um endurgreiðslu á tolli, er hann hefur greitt af 349 pottum brennivíns, er eiga að hafa lekið niður á skipinu »Thor«, er kom til Borgarness 25. maí 1891, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að með því að umrædd tollgreiðsla af hans hendi er innkomin í landsreikninginn fyrir 1891, og því staðfest af löggjafarvaldi landsins með lögum um samþykkt landsreikninganna 1890 og 1891, 16. sept. 1893, I. 10, þá hefi jeg ekki heimild til þess að leyfa endurborgun tollupphæðarinnar, heldur verður hann að sækja um það til fjárveitingavaldsins, enda hefur ekki verið fylgt fyrirskipuðu formi til þess að sanna, að lekin i raun og veru hafi átt sjer stað á leiðinni hingað til lands.

**Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju (ágríp).** — Með brjefi 51 þessu var samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 leyft að flytja kirkjuna í Flat- 9. maí. ey á Skjálfanda að þjóðjörðinni Brettingsstöðum á Flateyjardal.

## Reikningur

52

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps 1992—1893.

Tekjur.

kr. a. kr. a.

1. Eign í fardögum 1892 :

a. Í fasteignum . . . . . 2310 00

b. Ógoldnar leigur og landskuld af  $\frac{1}{2}$  Gloppu 18<sup>82/83</sup> 19 75 2329 75

## 52 2. Afgjöld:

a. Leigur haustið 1892 eptir $4\frac{1}{4}$ kúgildi = 85 meðal- álnir eptir verðlagsskrá 18 <sup>92/93</sup> á 0,50 $\frac{1}{2}$ . . . . .	42 93	
b. Landskuld í fardögum 1893, 201 $\frac{1}{2}$ meðalalin eptir verðlagsskrá 18 <sup>93/94</sup> á 0,46 . . . . .	92 69	135 62
	Samtals	2465 37

## Gjöld.

		kr. a.
1. Umboðslaun $\frac{1}{6}$ af hinum innheimtu gjöldum . . . . .	22 60	
2. Borgað sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps . . . . .	113 02	
3. Eign í fardögum 1893:		
a. Í fasteign . . . . .	2310 00	
b. Óloknað leigur og landskuldir af $\frac{1}{2}$ Gloppu 18 <sup>92/93</sup> . . . . .	19 75	2329 75
	Samtals	2465 62

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 15. jan. 1894.

*J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.*

## 53

## Á g r i p

af reikningi landsbankans 1. janúar til 31. marz 1894.  
Tekjur.

	kr. a.	kr. a.
1. Í sjóði 1. janúar 1894 . . . . .	100,294	27
2. Borgað af lánum:		
a. Fasteignarveðslán . . . . .	13.608	07
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán . . . . .	14.260	32
c. Handveðslán . . . . .	1.523	02
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. . . . .	172	30
e. Reikningslán . . . . .	30	»
		29.598 71
3. Víxlar innleystir . . . . .	18.722	42
4. Ávisanir innleystar . . . . .	5.222	18
5. Vextir . . . . .	4.604	59
6. Diskonto . . . . .	379	08
7. Ýmislegar tekjur . . . . .	31	30
8. Frá Landmandsbankanum (fyrir seldar ávisanir o. fl.) . . . . .	59.817	07
9. Innlög á hlaupareikning . . . . .	30.070	54
10. Sparisjóðsinnlög . . . . .	79.686	26
	Tekjur alls	328.426 42